



Borgarráð
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Efni: Álitsgerð um fjárhagsáætlanir sveitarfélaga og viðauka

Inngangur

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkur (nefndin) fékk þann 18. mars sl. beiðni frá borgarfulltrúanum Eypóri Laxdal Arndals, um að taka til umfjöllunar og skoðunar minnisblað frá fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar frá 5. febrúar sl. varðandi Nauthólsveg 100.

Að mati nefndarinnar varðar beiðnin atriði sem falla innan viðfangsefna hennar og þá varðar beiðnin þætti sem miklu skipta almennt varðandi fjármálastjórn Reykjavíkurborgar. Nefndin ákvað því að taka beiðnina til efnislegrar umfjöllunar.

Það var mat nefndarinnar í ljósi þess að hér er um sérhæft lögfræðilegt álitaefni að ræða að heppilegt væri að fá einstakling sem væri óháður og sérfróður í stjórnarsýslurétti til þess að skila nefndinni álitsgerð um efnið. Nefndin leitaði því til Trausta Fannars Valssonar, dósents í Lagadeild Háskóla Íslands og óskaði álitsgerðar hans.

Álitsgerð hans, dags. 22. f.m. og minnisblað hans dags. 24. f.m. er hér meðfylgjandi.

Um álitsgerðina

Í álitsgerðinni er ítarleg umfjöllun um ákvæði laga og reglna varðandi fjárheimildir sveitarfélaga og leitast við að svara þeim spurningum sem beint var til nefndarinnar. Nefndin telur mikilvægt að borgarfulltrúar kynni sér vel efni álitsgerðarinnar og í henni er margt sem ástæða er til vekja athygli á. Nefndin vill sérstaklega vekja athygli á eftirfarandi sem fram kemur í álitsgerðinni og minnisblaðinu:

- Um staðfestingu ársreiknings: *“Staðfesting ársreiknings felur ekki í sér samþykki einstakra ráðstafana sem liggja til grundvallar í því reikningshaldi sem ársreikningurinn lýsir eða lögmæti greiðslna, heldur hinu að staðfesta að meðferð fjármuna og efnahagsleg staða sé og hafi verið með þeim hætti sem ársreikningurinn greinir.“* (bls. 5). Einnig segir: *„Ársreikningur og afgreiðsla hans, umræður um hann og yfirferð yfir gögn og skýringar sem honum tengjast, kann þannig að verða sveitarstjórninni tilefni til að bregðast við um tiltekna þætti, hvort sem þeir varða rekstur, fjárfestingar, starfsmannahald eða verklag.“* (bls. 5). Ennfremur segir: *„Undirritaður er ekki sammála þeirri afstöðu skrifstofu fjármála hjá Reykjavíkurborg að samþykkt eða staðfesting á ársreikningi feli í sér samþykki þeirra fjárhagslegu ráðstafana sem þar er lýst.“* (bls. 12).



- Um reglur Reykjavíkurborgar um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar: „Það vekur athygli, í ljósi þess hversu mikilvægt stjórnþæki fjárhagsáætlun er og þá jafnframt í ljósi ábyrgðar á því að hún sé rétt framkvæmd, að reglur Reykjavíkurborgar virðast hvorki með öllu skýrar um það hvaða liðir í fjárhagsáætluninni séu bindandi ákvörðun um úthlutun fjárheimilda og hverjir ekki né um heimildir einstakra starfsmanna til að færa til fjármagn innan liða í áætluninni.“ (bls. 9).

Nefndin vill líkt og fram kemur í minnisblaði Trausta Fannars Valssonar, vekja athygli á Leiðbeinandi verklagsreglum vegna viðauka fjárhagsáætlunar frá Reikningskila- og upplýsinganefnd sveitarfélaga, grein 3.2 „Hvenær er ekki tilefni til gerð[ar] viðauka?“ Greinin er svohljóðandi: „Viðauka við fjárhagsáætlun skal ekki gera til að leiðrétta í fjárhagsáætlun, útgjöld í rekstri eða fjárfestingar, sem þegar hefur verið stofnað til. Mælst er til að útgjöld eða fjárfesting sem stofnað er til utan fjárheimildar og ekki að undangengnum viðauka, séu sett á dagskrá sveitarstjórnar og bókað sérstaklega. Sveitarstjórn hefur þannig vitneskju um ástæður þess að tiltekin útgjöld eða fjárfesting séu umfram fjárhagsáætlun og getur þannig sinnt eftirlitshlutverki sínu gagnvart fjármálunum. Leiðréttingar á fjárhagsáætlun með gerð viðauka undir lok árs, vegna útgjalda eða fjárfestinga sem stofnað hefur verið til án samþykkis sveitarstjórnar, samræmast þannig ekki reglum um viðauka. Slíkar samþykktir þjóna ekki tilgangi laganna um fyrirfram samþykki sveitarstjórnar vegna breytinga á samþykktri fjárhagsáætlun“.

Nefndin telur mikilvægt að borgarráð beini því til fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar að bregðast við því sem fram kemur í álitserðinni.

Virðingarfyllt,

f.h. endurskoðunarnefndar

Lárus Finnbogason, formaður

Samrit:

Borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokksins

Hjálagt:

Álitserð Trausta Fannars Valssonar, dags. 22.04.2019

Minnisblað Trausta Fannars Valssonar, dags. 24.04.2019

Minnisblað fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar, dags. 05.02.2019